

128

27. des.

S A M Þ Y K K T

fyrir einkasímafélag Hvolhrepps og Rangárvalla.

1. gr.

Símar þeir, sem þessi samþykkt nær til, eru:

- a. Frá Efra-Hvoli um Kotvöll, með hliðarálmu að Þórunúpi, um Völl, Árgilsstaði, Stokkalæk að Keldum.
- b. Frá Efra-Hvoli að Stórólfsbholi og í hús kaupfélagsins þar.
- c. Frá Efra-Hvoli um Vegamót og Götum að Vestri-Garðsauka.
- d. Frá Efra-Hvoli að Djúpadal, Strönd, Lambhaga, Odda, Oddhól, Móeiðarhvoli, og frá Oddhól að Fróðholtshjáleigu.

2. gr.

Línur þær, sem taldar eru í 1. gr., skulu lagðar sumarið 1934, nema línur frá Oddhól að Fróðholtshjáleigu, skal hún lögð þegar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og sem símalínurnar ná til, svo og Kaupfélag Hallgeirseyjar að Stórólfsbholi og sláturhúsið í Djúpadal, ganga í símafélag, sem nefnist Einkasímafélag Hvolhrepps og Rangárvalla, og ábyrgist það, að greiddur verði kostnaður sá, sem lagning símanna og viðhald hefir í för með sér, að frádregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, sem lands-síminn greiðir. Ábyrgð þessari skal þó þannig hagað, að félag þetta skal starfa í tveim deildum, er nefnast Hvolhreppsdeild og Rangárvalladeild, skipt eftir hreppsmörkum, og ábyrgist hver deild fyrir sig, svo og hlutaðeigandi sveitarstjórn (sjá 4. gr.) stofnkostnað og viðhald þeirra hluta símalínanna, sem eru í þeirra hreppi. Þó skal Rangárvalladeild og sveitarstjórn Rangárvallahrepps jafnframt ábyrgjast kostnaðinn við þann spöl línunnar frá Árgilsstöðum að Eystri-Rangá (í stefnu að Stokkalæk), sem sú lína er lengri heldur en línur frá Oddhól að Eystri-Rangá (í stefnu á Móeiðarhvoli).

4. gr.

Kostnaður og viðhald hvernar línu skal greiddur af ábúanda þess heimilis, sem línur sérstaklega tilheyrir, miðað út frá Efra-Hvoli og svo frá stöð til stöðvar, og ábyrgist hlutaðeigandi sveitarstjórn greiðslu þessa af hendi hvers ábúanda og þeirra annara, sem línurnar ná til. Þó skal ábúandinn á Stórólfsbholi og kaupfélagið þar, greiða jafnan kostnað; ábúandinn í Djúpadal og sláturhúsið þar, greiða jafnan kostnað; en línuspottarnir frá Oddhól að Eystri-Rangá og frá Árgilsstöðum jafnlangan spöl í áttina að Stokkalæk, skulu kostaðir hvor fyrir sig af félagsdeild þess hrepps, sem þeir liggja í. Símatækin á einstaka bæi kosta sím-

notendur hver fyrir sinn bæ, að því er skylt er, En flutningskostnaður efnis frá skipi út á línusvæðið greiðist af viðkomandi hreppum hvorum fyrir sína deild. **128** 27. des.

5. gr.

Afgreiðslu á sínum síma og greiðslu tengigjalds, annast hver félagsmaður sem síma hefir, og sér jafnframt um, að aðgerðir séu framkvæmdar svo fljótt sem unnt er, þegar þess gerist þörf á línu hans.

Vanræki félagsmaður þetta, lætur stjórn félagsins framkvæma aðgerðir á kostnað hans og missir hann þá í það sinn rétt til fjárveitingar úr sjóði félagsins (sjá 6. gr.).

6. gr.

Félaginu má afla tekna með því að taka gjald af símötolum og símskeytum á einkalínunum innbyrðis, og fer um gjaldið eftir því sem stjórn félagsins ákveður fyrir hvert ár, og landssímastjóri samþykkir, þó má aldrei taka gjald af símötolum eða símskeytum inn á einkasímasvæðið frá stöðvum landssímans. Skal hver félagsmaður, sem síma hefir, gera í janúarmánuði ár hvert, stjórn félagsins grein fyrir innkomnum gjöldum á stöð hans á síðastliðnu ári, og afhenda henni þau. Skal stjórnin leggja gjöld þessi í sjóð til ávöxtunar, en halda greinilega skýrslu yfir hvað inn hefir komið frá hverri stöð. Skal fé þessu varið til viðhalds símalínanna þannig, að hver félagsmaður, sem þarf að láta gera við símalínu sína, hefir tilkall til þeirrar fjárupphæðar úr sjóðnum, sem myndast hefir fyrir innkomin gjöld á stöð hans, og má ekki verja því til viðgerða annarsstaðar á línunni, nema samþykki hans komi til.

7. gr.

Nýir ábúendur nefndra jarða (sjá 1. gr.), taka við rétti og skyldum fráfarandi ábúenda.

8. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kjósa þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kys aðalfundur mann í stað þess er úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv. Afrit af ársreikningunum skal sent landssímastjóra.

9. gr.

Sveitarstjórnir viðkomandi hreppa, þar sem einkasímalínur verða lagðar samkvæmt samþykkt þessari, ábyrgjast undir yfirstjórn sýslunefndar Rangárvallasýslu, starfrækslu einkasímakerfisins, hver í sinni deild, eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, svo og það, að línunum sé að öllu vel við haldið.

128

27. des.

10. gr.

Um tengigjöld til landssímans fer eftir því, sem 13. gr. laga um einkasíma í sveitum mælir fyrir. Stjórn félagsins ber ábyrgð á skilvisri greiðslu félagsmanna á öllum gjöldum til stöðvarstjóra landssímans.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 200.00, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

Með mál út af brotum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

129

28. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 28. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, og er stofnaður til minningar um prófastshjónin á Hofi í Möðruvallaklausturssókn í tilefni af aldarafmæli síra Davíðs Guðmundssonar, 15. júní 1934, af gjöf Hannesar Davíðssonar, Hofi, að upphæð 10.000 — tíu þúsund — krónur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins og annað fé, er honum kynni að áskotnast, má ekki skerða, enda engu úr sjóði þessum verja fyr en á aldarafmæli frú Sigríðar Ólafsdóttur, 19. maí 1939. Eftir þann tíma má verja öllum vaxtatekjum sjóðsins frá upphafi, annaðhvort árlega eða samandregnum, til að styðja hverskonar þörf búnaðarmálefni á sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.